

Nd. 295. Frumvarp til laga [183. mál]

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Friðrik Sophusson, Halldór Blöndal, Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. tl. E-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðist svo:
Enn fremur skal heimilt að draga frá sem vaxtagjöld vexti og gjaldfallnar verðbætur af námslánnum sem veitt eru með heimild í lögum um námslán og námsstyrki.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til að farið sé með verðbætur og vexti af námslánnum eins og um lán til húsbýgginga eða húsaþauka. Á slíkum frádrætti er ákveðið hámark eins og kunnugt er. Það hámark breytist ekki skv. frv. þótt menn þurfi að greiða samtímis af námslánnum og húsalánnum.

Flutningsmenn fluttu frumvarp á síðasta þingi og var ákvæði 1. gr. frv. meðal efnis þess frumvarps. Ákveðið var að láta ákvæðið bíða þar til frumvarp um Lánasjóð ísl. námsmanna yrði lagt fram, en það er nú til meðferðar á Alþingi.

Með frumvarpi þessu er viðurkennt að fjárfesting námsmanna í menntun sé ekki í skattalögum metin minna en önnur fjárfesting, því sé rétt og skylt að taka nokkurt tillit til hennar við skattlagningu árin eftir að til hennar er stofnað. Má öllum ljóst vera að námsmaður, sem t. d. treystir á lántökur til að standa straum af útlögðum kostnaði og upphaldi meðan á námi stendur, er þannig að ráðstafa tekjum er síðar verður aflað og þá m. a. í krafti þeirrar menntunar er hann hefur aflað sér. Þannig er augljóslega margt líkt með fjárfestingu í menntun og annarri fjárfestingu sem að vissu marki er viðurkennd til frádráttar í lögnum. Þar við bætist að námsmaður, sem leggur út í framhaldsnám eftir tuttugu ára aldur, horfir fram á skemmri starfstíma af þeim sökum.

Í lögnum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981 (áður 40/1978), eru heimildir til frádráttar á vöxtum og verðbótum stórlega skertar frá því sem áður var. Þannig eru það nú einungis vextir og verðbætur, er stafa af lánnum vegna bygginga eða kaupna á íbúðarhúsnæði, sem koma til frádráttar tekjum. Skv. því falla verðbætur af námslánnum nú utan þessarar heimildar. Þá ber að ítreka að ríkisstjórnin hefur lagt fram á þinginu frumvarp til laga um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, en í því frumvarpi er gert ráð fyrir stórauknum endurgreiðslum, allt í hlutfalli við tekjur á ári hverju. Þannig verða námslánin nú mjög nátengd tekjuskattinum. Þess vegna er augljóst að greiðslubyrdi þeirra, er ljúka langskólanámi, á enn eftir að aukast mjög verulega frá því sem nú er, enda eru námslán venjulega endurgreidd með tekjum sem yfirleitt lenda í efsta skattþrepi.

Flutningsmenn telja eðlilegt að koma til móts við þarfir þeirra, sem leggja á sig langt framhaldsnám, ekki síst með hliðsjón af harðari endurgreiðslureglum Lánasjóðs ísl. námsmanna og minnkandi líkum á auka- og sumarvinnuframboði fyrir skólafólk.